

Notkunarleyfi fyrir málheild Íslenskrar orðtíðnibókar

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum (hér eftir oft nefnd rekstraraðili) veitir hér með leyfishafa leyfi til þess að nota málheild *Íslenskrar Orðtíðnibókar* (ÍOB) í samræmi við eftirfarandi skilmála.

0 Skilgreiningar

- Texti* er samfellt mál í tölvutæku formi sem er valið til notkunar í rannsóknum og við þróun tungutækniþúnaðar.
- ÍOB er safn valinna texta þegar þeim hefur verið komið í samræmt tölvutækt form og þeir greindir á málfræðilegan hátt.
- Niðurstöður leyfishafa er afrakstur vinnu sem leyfishafi hefur unnið á textum í ÍOB.

1 Inngangur

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum er umsjónaraðili ÍOB.

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum hefur samið við réttihafa um að textar úr verkum þeirra séu hluti af ÍOB. Réttihafar textanna hafa með sérstakri yfirlýsingu heimilað rekstraraðila að veita leyfishafa leyfi til þess að nota textana eins og lýst er hér á eftir.

Leyfishafi er notandi textanna í viðaukanum eins og lýst er í samningi þessum. Á vegum leyfishafa getur starfað hópur rannsóknarmanna við háskóla eða í fyrirtæki.

2 Skilmálar

- Rekstraraðili veitir leyfishafa óframseljanlegt leyfi til þess að nota ÍOB í málfræðilegum rannsóknum, í rannsóknum í tungutækni og við þróun tungutækniþúnaðar. Leyfi þetta felur ekki í sér einkarétt til notkunar málheildarinnar.
- Aðgangur leyfishafa að ÍOB samkvæmt notkunarleyfi þessu takmarkast við rannsóknarhóp leyfishafa. Með rannsóknarhópi leyfishafa er átt við starfsmenn leyfishafa, verktaka eða aðra samstarfsaðila sem leyfishafi hefur veitt heimild til þess að vinna að rannsóknum, sbr. 2. grein, lið a), með aðstoð ÍOB.
- ÍOB má setja upp á starfsstöð eða starfsstöðvum rannsóknarhópsins. Með starfsstöð er átt við útstöð vélþúnaðar eða lokað netkerfi sem félagar í rannsóknarhópnum nota venjulega við vinnu sína. Þar getur bæði verið um að ræða þúnað á vinnustað og heimili starfsmanna og leyfið er ekki takmarkað við tiltekinn vélþúnað eða byggingu.
- Taka má öryggisafrit af ÍOB og einnig má búa til afrit fyrir féлага í rannsóknarhópnum. Leyfishafi skal sjá til þess að öllum afritum af málheildinni, hvort sem um ræðir afrit í heild eða að hluta, fylgi áskilnaður um höfundarrétt sbr. 5. grein, lið d) í notkunarleyfi þessu.
- Ekki má gefa út, birta, miðla til almennings eða veita þriðja aðila á annan hátt aðgang að ÍOB í heild eða að hluta. Ekki má heldur afrita ÍOB um fram það sem greint er í c) og d) lið þessarar greinar. Það er á ábyrgð leyfishafa að sjá til þess að starfsmenn hans skilji og fari eftir þessum skilmálum og hafa umsjón með notkun þeirra á ÍOB.
- Hvorki leyfishafi né rannsóknarhópur hans mega leigja út eða selja ÍOB, taka á annan hátt gjald fyrir afnot af málheildinni eða framselja notkunarleyfið.

- g. Leyfishafi getur notað niðurstöður sínar að vild. Leyfishafa er þó ekki heimilt að gefa út á prenti eða í rafrænu formi, birta, miðla til almennings eða hagnýta á annan hátt í atvinnu- eða hagnaðarskyni texta úr *ÍOB* umfram það sem heimilað er í 14. gr. höfundalaga nr. 73/1972 og skal þá ætíð geta heimildar.
- h. Við útgáfu eða annars konar birtingu eða miðlun til almennings sem heimil er á grundvelli g) liðar þessarar greinar skal þess gætt að virtur sé í hvívetna sæmdarréttur höfundar texta, sbr. 4. gr. höfundalaga nr. 73/1972, og að ekki komi fram persónugreinanlegar upplýsingar um þriðja aðila í því sem birt er.
- i. Þegar birtar eru niðurstöður rannsókna sem gerðar eru með aðstoð *ÍOB* skal hennar getið sem heimildar¹. Hið sama gildir við útgáfu tungutæknibúnaðar þar sem *ÍOB* hefur verið nýtt.

3 Greiðsla

Ekkert gjald er tekið fyrir afnot af *ÍOB*.

4 Gildistími leyfis

Haldi leyfishafi skilmála þessa leyfis er gildistími leyfisins ótakmarkaður. Leyfinu má þó segja upp með heimild í 8. gr ef leyfishafi gengur gegn ákvæðum sammings þessa.

5 Skyldur leyfishafa

Leyfishafi og allir í rannsóknarhópi hans skulu ætíð viðhafa fyllstu varúðarráðstafanir til þess að fullnægja ákvæðum sammings þessa og skulu m.a.:

- a. Halda skrá um öll afrit af *ÍOB* sem eru búin til og um þá einstaklinga í rannsóknarhópi leyfishafa sem hafa aðgang að málheildinni hverju sinni. Einnig skal skráð hvar slík afrit eru geymd. Jafnframt skal haldin skrá um verkefni á vegum leyfishafa þar sem *ÍOB* er notuð. Leyfishafi lætur rekstraraðila í té þessar skrár án tafar sé þess óskað.
- b. Fylgjast reglulega með notkun *ÍOB* þ.á m. að uppfæra eftir þörfum skrár samkvæmt a) lið.
- c. Viðhafa viðeigandi öryggisráðstafanir til þess að koma í veg fyrir að óviðkomandi geti fengið aðgang að skrá málheildarinnar. Aðgangur leyfishafa og einstaklinga í rannsóknarhópi hans að *ÍOB* skal aðeins heimill með notkun aðgangsorðs sem hann úthlutar viðkomandi einstaklingi og óheimilt er að láta óviðkomandi í té.
- d. Gera aðrar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að vernda höfundarrétt og önnur réttindi á sviði hugverka- og auðkennaréttar í eigu *Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum* og rétthafa texta í *ÍOB*.
- e. Ef grunur vaknar hjá leyfishafa um að starfsmenn hans, aðilar í rannsóknarhópi hans eða samstarfsaðilar hafi brotið gegn skilmálum þessum eða misfarið með aðgang að *ÍOB* skal hann þegar í stað tilkynna það til rekstraraðila.

Leyfishafi skal sjá til þess, m.a. með samningum við aðila í rannsóknarhópi sínum, hvort sem um ræðir starfsmenn, verktaka eða aðra samstarfsaðila, að þeir framfylgi þeim öryggisráðstöfunum sem tilgreindir

¹ Jörgen Pind (ritstj.), Friðrik Magnússon, Stefán Briem. 1991. *Íslensk orðtíðnibók*. Orðabók Háskólans, Reykjavík.

eru í c) lið og öðrum ráðstöfunum er hann kann að mæla fyrir um og að þegar vinnu við rannsóknarverkefni lýkur sé eytt öllum afritum þeirra af *ÍOB*. Starfsmaður leyfishafa, sem hefur til þess umboð, skal senda rekstraraðila skriflega staðfestingu á að leyfishafi hafi fullnægt þessu skilyrði.

Leyfishafi skal sjá til þess að aðrir en þeir sem vinna við verkefni rannsóknarhópsins á hverjum tíma hafi ekki aðgang að málheildinni.

6 Takmörkun ábyrgðar

- a. Rekstraraðili ábyrgist ekki að *ÍOB* henti fyrir tiltekna notkun eða sé til nota við tiltekna aðstæður jafnvel þótt honum hafi áður verið kynntar áætlanir leyfishafa.
- b. Rekstraraðili ber ekki ábyrgð á tæknilegum eiginleikum eða takmörkunum *ÍOB*.
- c. Rekstraraðili ábyrgist ekki að hugbúnaður sem kann að vera dreift með *ÍOB* starfi án truflana og án þess að villur komi fyrir.
- d. Rekstraraðili mun ekki undir neinum kringumstæðum bera ábyrgð gagnvart leyfishafa á fjárhagslegu tapi, tapi á viðskiptavild eða öðru óbeinu tjóni jafnvel þótt það hafi verið fyrirsjáanlegt.
- e. Rekstraraðili ber ekki ábyrgð á skemmdum sem kunna að verða á eignum leyfishafa hvort sem þær kynnu að vera afleiðing af vanrækslu rekstraraðila, starfsmanna hans, umboðsmanna eða undirverktaka, eða af öðrum ástæðum.

7 Réttur rétthafa

Öll réttindi á sviði hugverka- og auðkennaréttar, m.a. höfundarréttur, sem tengjast *ÍOB*, haldast á hendi rétthafa textanna og *Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum*.

8 Uppsagnarákvæði

- a. Rekstraraðili getur fellt leyfið úr gildi með skriflegri tilkynningu án sérstakrar viðvörunar ef leyfishafi gengur gegn ákvæðum samnings þessa.
- b. Leyfið fellur sjálfkrafa úr gildi ef bú leyfishafa er tekið til gjaldþrotaskipta.

9 Ágreiningsmál

Verði ágreiningur um samning þennan og náist ekki samkomulag milli aðila skulu slík mál rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.